

Læsi er lykillinn

8.–10. bekkur / 5.–6. þrep



Akureyri



MIÐSTÖÐ
SKÓLAPRÓUNAR



Nemandi á þessu þrepi hefur gott vald á tungumálinu og notar það í fjölbreyttu samhengi. Hann býr yfir ríkulegum orðaforða og tjáir sig á viðeigandi hátt hverju sinni. Nemandi getur hlustað, tekið eftir, lagt mat á og nýtt sér munnlegar upplýsingar til þekkingarsköpunar og skemmtunar. Hann tekur einnig virkan þátt í samræðum, gerir grein fyrir og rökstyður hugmyndir sínar og skoðanir. Hann getur hlustað á aðra og tekið tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Nemandinn býr yfir hæfni til að nota fjölbreyttar aðferðir til að lesa og skilja ólíka texta. Hann býr yfir hæfni til að lesa reiprennandi flókin og óhlutbundinn texta eins og tímaritsgreinar, skáldsögur og fræðitexta. Hann nálgast textann eftir tilgangi hverju sinni, spyr spurninga, dregur saman og beitir gagnrýninni hugsun við að skilja og skapa eigin merkingu. Nemandi sýnir færni á öllum sviðum ritunar. Hann skilur hvernig tilgangur og lesendur hafa áhrif á ritunina og er fær um að sníða texta eftir því. Hann getur skrifað skýrslur, ritgerðir og blaðagreinar frá eigin brjósti. Nemandi getur borið saman upplýsingar og dregið af þeim ályktanir og sett þær fram með skýrum hætti. Hann býr yfir ríkum orðaforða og leikni í stafsetningu.

Samræða, tjáning og hlustun

Færniþættir

Framsögn, tjáning og endursögn

Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega fyrir ólíka hópa hlustenda.

Notar viðeigandi tjáningu í framsögn, s.s. raddblæ, hljóðstyrk og svipbrigði.

Getur tileinkað sér, útskýrt og tjáð öðrum flóknar hugmyndir sem settar eru fram í töluðu máli.

Leggur mat á eigin tjáningu og tjáningu samnemenda út frá gefnum viðmiðum.

Samræður, samskipti og hlustun

Ræðir málefni líðandi stundar við skólafélaga í skipulögðum aðstæðum s.s. á bekkjarfundum og á samskiptamiðlum.

Er fær um að tjá skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstyðja þær.

Er virkur þátttakandi í samræðum og fylgir samræðureglum.

Á góð samskipti þar sem gætt er að tjáningu, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Nýtir sér efni ýmissa (fjöl)miðla og tekur gagnrýna afstöðu til þess sem þar er birt.

Tileinkar sér gagnlegar aðferðir við hlustun, s.s. að taka upp og glósa.

Nýtir upplýsingar úr töluðu máli, myndmáli og hljóði sér til fróðleiks og skemmtunar.

Tekur þátt í samræðum á gagnrýninn og uppbyggjandi hátt.



Lestur og lesskilningur

Færniþættir

Lesfimi

Les fyrirhafnarlítið og með góðu flæði.

Þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það við lesturinn.

Beitir tjáningu og raddstyrk við túlkun texta.

Skilningur

Tekur saman upplýsingar í texta út frá ólíkum sjónarhornum og dregur af þeim ályktanir.

Ræðir ástæður þess að texti getur verið túlkaður á ólíkan hátt af ólíkum lesendum, t.d. vegna mismunandi bakgrunns eða vegna hlutdrægni.

Ræðir hvernig bakgrunnur höfundar (tími, umhverfi og aðstæður) hefur áhrif á uppbyggingu texta.

Greinir hvernig höfundar beita ákveðnum aðferðum, s.s. skráðmælg, hnyttni, háði og kaldhæðni, til að móta skoðanir lesenda.

Notkun texta/aðferðir

Metur hversu viðeigandi texti er með tilliti til tilgangs og lesenda.

Notar þekkingu á einu textaformi til að rýna í annað.

Gerir sér grein fyrir áhrifum mismunandi málsniðs í texta.

Velur og notar fjölbreyttar aðferðir við að skilja texta.

Áherslur í kennslu

Styrkja áhugahvöt nemenda á margvislegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.

Lesfimi

Skapa nemendum tækifæri til að lesa fjölbreytta texta.

Halda áfram að byggja upp orðaforða, s.s. fagorðaforða.

Aukin áhersla á hljóðlestur og tækni við að auka hraða í hljóðlestri.

Skilningur

Skapa nemendum tækifæri til að ræða hvernig hugmyndir lesanda og höfundar leiða til ákveðinnar skynjunar og túlkunar á textanum.

Skapa nemendum tækifæri til að greina aðferðir sem geta haft áhrif á lesendur og mótað skoðanir þeirra.

Kenna nemendum að greina hvernig höfundar beita tungumálinu í ákveðnum tilgangi.

Notkun texta/aðferðir

Halda áfram að byggja upp þekkingu sem nýtist við að rýna í texta.

Festa í sessi lesskilningsaðferðir.

Festa í sessi aðferðir til að rýna í orð og efla orðvitund.

Festa í sessi aðferðir til að finna, meta og velja texta.

Halda áfram að kenna nemendum að ígrunda texta með því að hugsa upphátt.

Ritun/miðlun

Færniþættir

Skrift og réttritun

Hefur gott vald á stafsetningu, nýtir sér stafsetningarreglur og þekkir undantekningar frá þeim.

Hefur tileinkað sér og fylgir reglum um greinarmerkjasetningu.

Hefur náð góðum tókum á notkun ritvinnsluforrita.

Textagerð

Hefur gott vald á ritun fjölbreyttra textategunda.

Velur á gagnrýninn hátt hvernig hugmyndir og efni er sett fram í texta með tilliti til markmiða og áhrifa á lesendur.

Setur texta skipulega fram og í góðu röklegu samhengi.

Skilur hlutverk inngangs, meginmáls og lokaorða og nýtir sér þá þekkingu við ritun, s.s. með því að skipta texta upp í kafla og nota millifyrirsagnir.

Veltir upp mismunandi sjónarhornum og tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum.

Stýrir orðavali til að ná ákveðnum blæbrigðum og áhrifum í texta.

Aðferðir

Skipuleggur ritun á skilvirkan og árangursríkan hátt allt frá hugmyndavinnu til birtingar.

Tekur ígrundaða ákvörðun um hvernig texti skuli birtur þannig að hann henti lesendum og hafi tilætluð áhrif.

Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum, metur þær, greinir og nýtir í eigin texta.

Nýtir sér hjálpargögn eins og orðabækur, uppflettirit og leiðréttingarforrit.

Getur gagnrýnt og metið eigin texta, t.d. út frá gefnum matskvarða og nýtt sér mat til að bæta textann.

Vísar rétt til heimilda og skráir eins og reglur kveða á um.

6. þrep

Skrift og réttritun

Veita nemendum tækifæri til að auka öryggi í innslætti á lyklaborð.

Kenna nemendum að nýta sér stafsetningarreglur, orðabækur og leiðréttingarforrit.

Halda áfram að vinna með greinarmerki.

Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig á að setja texta skipulega upp, nota fyrirsagnir og millifyrirsagnir og búa til efnisyfirlit og neðanmálsgreinar.

Textagerð

Kenna nemendum að setja saman fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir ólíka lesendahópa.

Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl.

Hvetja nemendur til að skrifa á skapandi hátt og gera tilraunir með form, aðferðir og innihald.

Veita nemendum tækifæri til að útskýra val á textategund, efni, upplýsingum og aðferðum sem þeir nota við ritun.

Veita nemendum tækifæri til að nota ritun til að tjá sig um og færa rök fyrir eigin skoðunum og hafa þannig áhrif á mál sem þeim þykja mikilvæg.

Ræða hvernig þekking, reynsla og skoðanir höfunda koma fram í efni sem þeir miðla.

Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni.

Efla næmi fyrir merkingu orða og orðhluta, s.s. uppruna orða og afleiddum orðum.

Leiðbeina um uppsetningu og skipulag ólíkra textategunda, s.s. hvað varðar málnotkun og framsetningu.

Kenna nemendum markvisst um uppbyggingu texta, s.s. ræða um efnistöð, byggingu málsgreina og röklegt samhengi í texta.

Aðferðir

Halda áfram að kenna nemendum gagnlegar aðferðir við ritunarferlið, s.s. að skipuleggja, gera uppkast, endurlesa og birta.

Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má ritun fram miðað við markmið og fyrirhugaða lesendur og nýta til þess mismunandi textategundir og miðla.

Kenna nemendum að finna og vinna með upplýsingar í textum, s.s. að nota leitarvélar, meta áreiðanleika heimilda og bera saman upplýsingar úr ólíkum áttum.

Leiðbeina nemendum um notkun hjálpargagna við ritun, s.s. orðabóka, uppflettirita og leiðréttingaforrita.

Kenna nemendum að nýta á fjölbreyttan hátt tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun.

Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að ígrunda ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjóf.

Kenna nemendum að vísa skýrt til heimilda og skrá í heimildaskrá.